





uppgjör



UMHVERFISSTOFNUN

2012
2011
2010
2009
2008

Umhverfisstofnun hefur eflst og breyst á sl. fimm árum og stendur nú á traustum undirstöðum. Við sinnum stjórnsýslu, höfum eftirlit með mengandi starfsemi og efnum, berum ábyrgð á friðlýstum svæðum, höfum umsjón með veiðistjórnun, veitum umsagnir og miðlum upplýsingum um umhverfismál.

Það helsta sem bar til tíðinda

- » *Stofnunin tók upp ISO 9001 og 14001 gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi*
- » *Hert eftirlit með mengandi starfsemi, öllum frávikum fylgt eftir*
- » *Aldrei meiri uppbygging á friðlýstum svæðum*
- » *Betri yfirsýn með bættri skráningu gagna*
- » *Fleira starfsfólk á fleiri starfsstöðvum um land allt*
- » *Meira aðgengi og gagnsæi í upplýsingamiðlun*

Við teljum það mjög mikilvægt að vera í tengslum við fólk um allt land og sömuleiðis í nálægð við náttúru landsins. Árið 2009 ákváðum við að augsýna öll störf hjá stofnuninni án staðsetningar. Umsækjendur geta valið eina af níu starfsstöðvum okkar um allt land og þá eru dæmi þess að eldri starfsmenn hafi fært sig út á land. Talsverð fjölgun hefur t.d. orðið á Akureyri en einnig á öðrum stöðum. Starfsstöðvar okkar voru fimm en fjölgaði um þrjár á tímabilinu og ein bættist við á fyrri hluta árs

2013. Við vonumst til þess að þróunin verði áfram í þessa átt.

Okkar helsta hlutverk er opinber stjórnsýsla, s.s. að veita leyfi, afgreiða umsóknir og veita umsagnir. Langstærstur hluti þeirra ákvarðana sem við tökum hefur áhrif á umhverfið og er markmið okkar ætíð að lágmarka þau. Það er því afar mikilvægt að verklag sé faglegt og vandað. Í því skyni skipta verkferlar miklu máli og grettistaki var lyft þegar stofnunin fékk ISO-gæðavottun á árinu 2011. Verkefni eru nú unnin eftir skýrt afmörkuðum ferlum og fylgst náið með gæðum þjónustu og málshraða.

Við gerðum miklar breytingar á eftirliti með mengandi starfsemi. Skráning er nú nákvæmnari og samræmd sem gefur okkur betri yfirsýn yfir stöðuna en áður. Eftirlitið var hert og er nú öllum frávikum fylgt eftir og þvingunarúrræðum beitt ef þörf krefur. Fyrir 2009 var þvingunarúrræðum lítið sem ekkert beitt af hálfu stofnunarinnar. Við fengum aðild að IMPEL sem eru evrópsk samtök eftirlitsaðila með mengandi starfsemi. Fulltrúar

sex ríkja fóru yfir eftirlitið okkar á árinu 2012 og það stóðst kröfur ESB.

Aldrei hefur verið ráðist í eins miklar framkvæmdir á eins mörgum friðlýstum svæðum og frá því að hin svokallaða „rauðlistaskýrsla“ kom út árið 2010. Í skýrslunni var lagt mat á stöðu friðlýstra svæða og svæðin flokkuð á rauðan eða appelsínugulan lista. Á rauða listanum eru svæði sem eru undir miklu álagi og bregðast þarf við strax. Á appelsínugula listanum eru svæði sem eru undir töluverðu álagi sem fylgjast þarf vel með og bregðast við á ýmsan hátt. Veitt var fjármagni til framkvæmda á mörgum þessara svæða og tókst að koma mörgum þeirra af listunum en þó eru enn mörg svæði undir álagi, ekki síst vegna fyrir-séðrar fjölgunar ferðamanna á komandi árum.

Flest verkefni stofnunarinnar hafa farið vaxandi að umfangi en sérstaklega ber þó að nefna ný verkefni á borð við viðskiptakerfi með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (ETS) og nýja löggjöf um stjórn vatnamála. Þar er um að ræða verkefni og reglur í tveimur málaflokkum sem vega þungt í umhverfismálum samtímans.

Yfirsýn skiptir miklu máli í umhverfismálum. Ef staða mála er ekki þekkt er erfitt og jafnvel ómögulegt að vita hvar þurfi að bregðast við og hvar ekki. Á tímabilinu lukum við nokkrum verndaráætlunum fyrir friðlýst svæði sem gefa yfirsýn yfir álag og aðsteðjandi hættu og kortleggja þær framkvæmdir sem eru nauðsynlegar. Við skráum og fylgjumst nú betur með frávikum úr eftirliti og hafa bæði gagnasöfnun og gagnaskil stórbatnað.

Við gefum út „rauðlistaskýrslu“ fyrir friðlýst svæði, störfum skv. ársáætlunum um verkefni, höfum bætt verkskráningu og svo mætti lengi telja.

Við settum okkur nýja upplýsingastefnu með það meginstef að miðla alltaf meira en minna. Í kjölfarið var ákveðið að opna nýja heimasíðu. Frá og með 2011 geta allir séð allar eftirlitsskýrslur og upplýsingar um mælingar og þvingunarúrræði sem varða mengandi starfsemi á heimasíðunni, umhverfisstofnun.is. Þá opnuðum við líka vefsvæðið grænn.is þar sem eru upplýsingar um varasöm efni í umhverfi okkar og neysluvörum, sem gera fólki kleift að taka upplýstar ákvarðanir í innkaupum.

Fjöldmörg önnur atriði komast ekki að hér en ættu fyllilega erindi. Það er góðs viti þegar þarf að velja úr árangursríkum verkefnum og það þrátt fyrir niðurskurð á tímabilinu og auknar kröfur. Margt hefur áunnist en það er mikil vinna eftir. Við höfum treyst undirstöðurnar og getum hafist handa við að byggja ofan á þær. Sú vinna verður að grundvallast á samráði og samvinnu við alla þá fjölmörgu aðila sem við þjónum og gætum hagsmuna fyrir.

Við erum stolt og ánægð með þær framfarir sem náðst hafa á síðustu fimm árum og vonumst til að næstu fimm verði enn árangursríkari.

Kristín Linda Amadóttir

draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi

Hlutverk stofnunarinnar hvað varðar loftslagsbreytingar og losun gróðurhúsalofttegunda hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Ber þar hæst innleiðing á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, svokallað ETS kerfi. Umtalsverður árangur hefur náðst í því að bæta nákvæmni í skráningu á losun gróðurhúsalofttegunda og söfnun og skil gagna er skilvirkari en áður. Fyrstu skrefin voru tekin í því að fá almenning og atvinnulíf með í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

2009
– 2012

ETS KERFIÐ INNLEITT

Mikil vinna fór í að innleiða viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS) og þó að Ísland hafi komið inn í kerfið mörgum árum seinna en önnur ríki innan EES hefur tekist að standast kröfur um uppbyggingu og framkvæmd til jafns við önnur ríki. ETS er viðskiptakerfi þar sem fyrirtæki þurfa að fá úthlutað eða kaupa heimildir til þess að losa gróðurhúsalofttegundir. Vonir eru bundnar við að kerfið skili þeim árangri að draga úr losun á næstu áratugum. Á Íslandi eru fjölmargir flugrekendur skráðir í kerfið, auk fyrirtækja í iðnaði, og tók það formlega til starfa hér á landi árið 2012.

2008
– 2012

BÆTT SKRÁNING GAGNA OG SKÝRSLUSKIL

Umhverfisstofnun safnar saman upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. Árlega er skilað til loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna gögnum þar að lútandi og ítarlegri skýrslu um stöðu mála. Skráning þessara gagna hefur batnað og eflst á undanförunum árum, m.a. í samræmi við ábendingar erlendra sérfræðinga. Skil Íslands hafa staðist ítarlegar úttektir og uppfylla kröfur loftslagssamningsins.

LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTEGUNDA

TONN CO₂ ÍGILDI PR. MANN



1990

2011

- 2012** Ný heildarlöggjöf um loftslagsmál
300 flugrekstraraðilar undir ETS á Íslandi
- 2011** Losunarleyfi útgefin til iðnfyrirtækja
160 flugrekstraraðilar frá 21 ríki undir ETS á Íslandi
Losunarbókhald Íslands uppfyllir kröfur Kýótó-bókunarinnar
- 2010** Undirbúningur vegna útvikkunar viðskiptakerfis gróðurhúsalofttegunda til flugs og iðnaðar
Þátttaka í úttekt á losunarbókhaldi fjögurra ríkja
- 2009** Greining á kostum þess að setja upp Landsmiðstöð loftslagsmála (DNA)
Undirbúningur vegna útvikkunar viðskiptakerfis gróðurhúsalofttegunda til flugs
- 2008** Spá um losun gróðurhúsalofttegunda miðað við þrjár mismunandi forsendur

draga úr losun heilsuskað- legra efna og efna sem eru hættuleg umhverfinu

Fjöldi þeirra efna sem við komumst í snertingu við og losum út í umhverfið hefur vaxið markvert á undanförunum áratugum. Mörg þessara efna geta haft neikvæð áhrif á heilsu og umhverfið. Rannsóknir benda til þess að samvirkniáhrif efna hafi fram til þessa verið vanmetin. Umhverfisstofnun kemur að efnamálum með margvíslegum hætti, s.s. með eftirliti með mengandi starfsemi og fræðslu og umsjón með efnamálum.

ÁRSMEÐALTAL SVIFRYKS 1995-2011

MÍKRÖGRÖMM Í M³



— MÆLING VIÐ GRENSÁSVEG
 ••• GÖGN VANTAR
 — MÆLINGAR Í HÚSDÝRAGARÐINUM

1995

2011

2009

INNLEIÐING REACH

Með nýjum lögum um efni og efnablöndur var regluverk ESB í efnamálum (REACH) innleitt á Íslandi. Því fylgja margvíslegar nýjar skyldur sem miða að því að draga úr notkun hættulegra efna. Nokkuð var lagt í að kynna reglurnar fyrir íslenskum fyrirtækjum í samstarfi við hagsmunasamtök. Þá var einnig unnið að heildarendurskoðun á efnalöggjöfinni og frumvarp um efnalög lagt fram haustið 2012.

2012

IMPEL ATHUGAR EFTIRLIT

Miklar breytingar voru gerðar á eftirliti Umhverfisstofnunar með mengandi starfsemi á tímabilinu. Verklag og skráning voru samræmd og ákveðið að fylgja öllum frávikum eftir. Stofnunin gerðist aðili að IMPEL (samtök stofnana sem hafa eftirlit með mengandi starfsemi í Evrópu) og óskaði eftir að samtökin færu yfir eftirlit stofnunarinnar. Athugunin fór fram 2012 og voru niðurstöður hennar þær að eftirlitið uppfylli kröfur ESB.

- 2012 Nýjar reglur um merkingar efna og efnablöndna
- 2011 Brugðist við losun dioxíns frá sorpbrenslum
Efnagreining á innihaldi flugelda
Loftgæðamælar settir upp vegna eldgoss í Grímsvötnum
- 2010 Unnið að reglugerð um mörk fyrir losun brennisteinsvetnis
Mælikerfi fyrir loftgæði sett upp vegna eldgoss í Eyjafjallajökli
- 2009 Svifryksmælar settir upp á Akureyri
Málstofa um hljóðvist í leik- og grunnskólum
- 2008 REACH-efnalöggjöf innleidd á Íslandi
Námskeið um eftirlit með rakaskemmdu húsnæði

*gera upplýsingar um
umhverfismál aðgengilegar
almenningi og hagsmunum
aðilum og gera þeim kleift að
hafa áhrif á umhverfi sitt*

Aðgengi að upplýsingum skiptir höfuðmáli til þess að fólk, bæði almenningur og stjórnvöld, geti tekið upplýstar ákvarðanir. Stofnuninni ber skylda til að fræða og miðla upplýsingum um marga málaflokka sem tengjast fjölda laga og reglugerða.

Umtalsverður árangur náðist á tímabilinu í að gera mikilvægar upplýsingar aðgengilegri en áður. Helst ber þar að nefna birtingu upplýsinga úr eftirliti á vefnum og almenna fræðslu til almennings, m.a. um heilsuspillandi efni á grænn.is.

35% **Á UMHVÆRISSTOFNUN.IS**
fleiri

48% **Á GRÆNN.IS**
fleiri

2012

LEIÐANDI Í EVRÓPU

Í athugun IMPEL-samtakanna á eftirliti stofnunarinnar með mengandi starfsemi kom fram að birting og miðlun upplýsinga úr eftirliti væri til fyrirmyndar og leiðandi í Evrópu. Stofnunin ákvað með nýrri stefnu 2008 að miðla upplýsingum úr eftirliti beint út á umhverfisstofnun.is. Þar gæti hver sem er nálgast t.d. eftirlitsskýrslur, þvingunarræðisbréf og skýrslur um mælingar. Verkefnið komst einnig í úrvalsflokk verkefna sem tilnefnd voru til Nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu.

2011

NÝTT VEFSVÆÐI OG GRÆNN.IS


Opnuð var ný heimasíða stofnunarinnar á ársfundi 2011. Margvíslegar breytingar voru gerðar, s.s. hvað varðar aðgengi og uppsetningu á síðunni. Helsta breytingin fólst í því að skipta efni upp í tvennt, annars vegar fyrir einstaklinga og hins vegar fyrir atvinnulíf. Þessir markhópar þurfa mjög ólíkar upplýsingar og því heppilegra að skilja þá að. Við sama tækifæri var opnað undirvefsvæðið grænn.is, þar sem er að finna fræðslu til neytenda um skaðleg efni í vörum. Sá vefur hefur verið hvað mest sóttur af vefsvæðum stofnunarinnar og vakið talsverða umræðu í fjölmiðlum.

- 2012 Virkjuð ný frumkvæðisregla upplýsingalaga í fyrsta skipti
- Tilnefnd til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu
- 2011 Nýr vefur Umhverfisstofnunar
- Vefurinn grænn.is opnaður
- Upplýsingar úr eftirliti á heimasíðu
- Upplýsingar um öll friðlýst svæði
- 2010 Útdráttur hreindýraleyfa í beinni útsendingu
- Verkefnil til tilkynningar til fjölmiðla vegna mengunar
- 2009 Beinar útsendingar frá fundum á netinu
- Ný upplýsingastefna stofnunarinnar samþykkt
- 2008 Nýtt svið fræðslu og upplýsinga

vinna að vernd, viðhaldi, endurheimt og nýtingu þeirra auðlinda sem felast í náttúru Íslands

Náttúra Íslands er um margt einstök og laðar til sín fjölmarga ferðamenn á ári hverju. En mörg svæði eru viðkvæm fyrir ágangi og geta glatað verndargildi sínu á stuttum tíma. Verðmæti ósnortinna svæða á jörðinni fer hratt vaxandi samhliða fjölgun manna og vaxandi framleiðslu. Líffræðileg fjölbreytni er á undanhaldi. Skilningur á viðkvæmri stöðu ýmissa svæða hefur farið vaxandi og fékkst meira fjármagn til framkvæmda en áður. Þó er enn mikið verk óunnið.

FJÁRMAGN TIL FRAMKVÆMDA Á FRIDLÝSTUM SVÆÐUM



2008
– 2012

FRAMKVÆMDIR Á FRIDLÝSTUM SVÆÐUM

Á árinu 2010 gaf Umhverfisstofnun út svokallaða rauðlistaskýrslu þar sem tekinn var saman listi fyrir þau svæði sem voru undir miklu álagi og þurfti að bregðast strax við svo þau glötuðu ekki verndargildi sínu. Á listanum voru tíu svæði og mörg þeirra meðal okkar allra merkustu svæða, s.s. Gullfoss. Árið eftir veitti ríkisstjórnin, að tillögu umhverfisráðherra, 41,9 milljón króna til framkvæmda á friðlýstum svæðum. Í árslok 2012 var staðan endurmetin og höfðu fjögur svæði fallið af rauða listanum. Hins vegar færðust tvö svæði upp á listann og nokkur hafa bæst við á svokallaðan appelsínugulan lista yfir svæði sem fylgjast þarf náið með. Það er því nauðsyn til að halda áfram þeirri vinnu sem er hafin.

2009
– 2012

FRIDLÝSINGAR

Fjölmörg svæði voru friðlýst á tímabilinu, þar af átta árið 2009 og sjö 2011. Áberandi voru friðlýsingar í Skútustaðahreppi, þar sem m.a. Dimmuborgir og Hverfjall/Hverfell voru friðlýst. Þá var einstakur dropasteinshellir friðlýstur og um leið honum lokað fyrir umferð fólks vegna þess hversu viðkvæmur hann er. Unnið var að friðlýsingu fjölmargra svæða, þ.á.m. á Látrabjargssvæðinu.

FRIDLÝSINGAR 2009 TIL 2012




- 2012 Hugmyndasamkeppni um umhverfi Gullfoss
- Stóra græna helgin haldin hátíðleg
- 2011 Aukið fjármagn til framkvæmda
- Sjö svæði friðlýst
- Málþing um jarðfræðilega fjölbreytni
- 2010 Rauðlistaskýrsla gefin út
- Bætt öryggi ferðamanna á Geysissvæði
- Verndaráætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls staðfest
- 2009 Fræðsluáætlun fyrir friðlýst svæði samþykkt
- Átta ný svæði friðlýst
- 2008 Surtsey á heimsminjaskrá UNESCO
- Innleiðing svæðalandsvörslu hafin

stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu villtra dýrastofna

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á veiðistjórnun og sjálfbærri nýtingu villtra dýra. Umfangsmest eru umsjón með veiðikortakerfinu, söfnun gagna og þjónusta vegna hreindýraveiða. Rúmlega 20.000 manns eru með veiðikort og árlega sitja hundruð manna námskeið og þreyta próf til þess að fá veiðikort. Miklu máli skiptir að rétt handbrögð séu notuð við veiðar til að fækka slysaskotum og draga úr óþarfri þjáningu veiðidýra. Á tímabilinu var lögð áhersla á skotfimi og í því skyni ráðist í átaksverkefni. Reglur voru settar að erlendri fyrirmynd um að veiðimenn skuli þreyta skotpróf reglulega.

VEIÐIKORT & NÁMSKEIÐ



2011
& 2013

SKOTPRÓF OG DÚFNAVEISLAN

Árlega halda um tíu þúsund veiðikorthafar til veiða og því mikilvægt fyrir alla að vera vel undirbúnir. Veiðimenn temja sér ákveðnar siðareglur í umgengni sinni við náttúruna og umhverfi sitt og ein af þeim á ávallt að vera ástundun skotæfinga. Umhverfisstofnun og SKOTVÍS stóðu saman að hvatningarverkefninu Dúfnaveislan þar sem veiðimönnum var boðið á skotvelli til æfinga. Samhliða var haldið happdrætti. Verkefnið tókst vel og var endurtekið árið eftir. Sama ár komu skotpróf til framkvæmda í fyrsta sinn. Nú þurfa veiðimenn að standast skotpróf áður en þeir halda til hreindýraveiða. Tilgangurinn með prófinu er að tryggja verklega kunnáttu veiðimanna og langflestir sem þreyttu prófið stóðust það.

2008
& 2009

MIKIL AÐSÓKN Í NÁMSKEIÐ

Veruleg aukning varð í aðsókn á veiðikorta- og skotvopnánámskeið 2008 og 2009. Nokkur fjölgun varð milli árána 2007 og 2008 þegar yfir 700 manns sóttu námskeiðin sem þá var met. Árið 2009 sóttu hins vegar 1.260 manns námskeiðin og þá var metið slegið á ný. Það ár voru 54 námskeið haldin í 16 bæjarfélögum vítt og breitt um landið. 2010 sóttu rúmlega 1000 manns námskeiðin en undanfarin tvö ár hefur aðsóknin dregist saman og er nálægt meðaltali undanfarinna tíu ára.

- 2012 Skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn
- 2011 Dúfnaveislan
Ráðstefna norrænna veiðilíffræðinga
Námskeið fyrir verðandi hreindýraleiðsögumenn
- 2010 Málþing um stöðu veiðistofna á Íslandi
- 2009 Skerpt á skilaskyldu veiðiskýrslna
Upplýsingaefni um framandi ágengar lífverur a heimasíðu
- 2008 Veiðiátak á mink í Eyjafirði og Snæfellsnesi



*kynna rétt almenningis til
að njóta útivistar og
með því bæta og tryggja
lýðheilsu landsmanna*

Stöðugt færast í vöxt að fólk nýti sér íslenskra náttúru til að stunda útivist og ferðalög. Meginreglan er sú að almenningi er heimilt að ferðast um landið í lögmætum tilgangi, en jafnframt er sú skylda lögð á að sýna ítrustu varúð í umgengni við náttúruna og gæta þess að hún verði ekki fyrir spjöllum. Stofnunin lagði áherslu á að kynna gildi heilsusamlegrar útiveru í náttúru landsins og vernda þann rétt einnig.

2010

VATNSHELLIR

Haustið 2009 var farið í það verkefni að gera Vatns-helli í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli aðgengilegan samhliða því að umferð í hann var stýrt. Tilgangurinn var margþættur, m.a. að skapa tækifæri til útivistar á merku svæði en um leið auka þekkingu á því hversu dýrmætir hellar og aðrar náttúruminjar eru. Með skipulagi hellisins og þjónustu kringum hann er um leið tryggð verndun hellisins.

2009 –
2012

MERKINGAR Á FRIDLÝSTUM SVÆÐUM

Unnin var handbók um merkingar á ferðamanna-stöðum og friðlýstum svæðum í samstarfi Umhverfisstofnunar, Þingvallabjörggarðs, Vantajökuls-Þjóðgarðs og Ferðamálastofu. Markmiðið var að samræma merkingar á þessum svæðum sem tryggja lágmarkskröfur um aðgengi að upplýsingum og auka skilvirkni. Á tímabilinu setti Umhverfisstofnun upp 41 skilti á 19 svæðum sem unnin voru á grunni handbókarinnar.

14 af 18

FRIDLÝSINGUM SÍÐAN 2008

HAFNA

ÚTIVISTARGILDI



41
skilti

á 19 svæðum

- 2012 Barnahelgi í Vatnsfirði
- Alþjóðadagur landvarða haldin hátíðlega
- 2011 Sigríðarstígur við Gullfoss opnaður
- Samstarfsverkefni um möguleika í útivist, Hraust í náttúrunni
- Eldri sjálfbodaliðar í náttúruvernd fara utan og erlendir sækja okkur heim
- 2010 Surtseyjarstofa opnuð í Vestmannaeyjum
- Ný gönguleið yfir Goðahraun á Fimmvörðuhálsi
- VatnsHELLIR í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli opnaður
- 2009 Handbók um merkingar á friðlýstum svæðum

vistkerfisnálgun verði beitt við heildstæða stjórnun á umhverfi í vatni og hafi

Íslendingar hafa lengi stært sig af hreinleika vatns og ein mikilvægasta atvinnugrein landsins, sjávarútvegurinn, reiðir sig á hreinleika hafsins. Miklar breytingar hafa orðið á undanförunum áratugum hvað varðar skilning og vöktun á gæðum vatns, bæði á landi og sjó. Fjölmargir samningar hafa verið samþykktir sem snúa að hafgæðum en færri, a.m.k. héraendis, hvað varðar gæði vatns á landi. Markverð framfaraskref voru tekin á tímabilinu, bæði hvað varðar hafgæði og vatnsgæði á landi.


2012

VÁKORT

Hlýnun hafs og andrúmslofts og minnkandi hafis á norðurhvara auka aðgengi að náttúruauðlindum sem áður voru óaðgengilegar og jafnframt aukast siglingar um Norðurhöf. Verði stórt mengunaróhapp á hafsvæðinu getur það ógnað lífríki stórs svæðis, hindrað veiðar og stofnað byggð í tvísýnu. Umhverfisstofnun hafði umsjón með verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar um gerð vákorts af Norður-Atlantshafinu. Kortið gefur upplýsingar um þá þætti sem eru í hættu við mengunarslys á hafsvæðinu. Vákortið var opnað af Svandísi Svavarsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, við formlega athöfn þann 29. nóvember 2012.

PCB Í ÞORSKLIFUR

MÍKRÓGRÖMM Í KG


2008
– 2012

STJÓRN VATNAMÁLA

Unnin var handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum í samstarfi Umhverfisstofnunar, Þingvallabjörggarðs, Vantajökulspjöldgarðs og Ferðamálastofu. Markmiðið var að samræma merkingar á þessum svæðum sem tryggja lágmarkskröfur um aðgengi að upplýsingum og auka skilvirkni. Á tímabilinu setti Umhverfisstofnun upp 41 skilti á 19 svæðum sem unnin voru á grunni handbókarinnar.

SKÓLPHREINSUN Á ÍSLANDI

HLUTFALL ÍSLENDINGA SEM TENGDIR ERU SKÓLPHREINSUN



- 2012
- Drög að stöðuskýrslu um ástand vatns og bráða- birgðayfirlit um mikilvæg atriði í vatnaáætlun sett í sex mánaða kynningu.
 - Aukið eftirlit með mót-töku úrgangs í höfnum
 - Samningur við Landhelgisgæslu Íslands um samvinnu við eftirlit með mengun sjávar
- 2011
- Löggjöf um stjórn vatnamála samþykkt
 - Áfanga- og verk- áætlun sett í sex mánaða kynningu
 - Mengunareftirlit með ólöglegrri losun frá skipum með gervitunglum
- 2010
- Skýrsla um stöðu skólpamála gefin út
 - Reglugerð um kjölfestuvatn til verndar umhverfis sjávar
- 2009
- Stýrihópur fimm lykilstofnana um innleiðingu vatnatilskipunar
 - Málstofa um álag á vatnshlot
- 2008
- Takmörkun á siglingu skipa við Suðvestur-land samþykkt
 - Ráðstefna um stöðu mála vegna innleiðingar vatnatilskipunar




*draga úr myndun
úrgangs og auka
endurvinnslu hans*

Á undanförunum áratugum hefur orðið umtalsverð vitundarvakning í úrgangsmálum. Aukinn skilningur er á mikilvægi endurvinnslu og að dregið sé úr urðun. hertari kröfur gerðar um mengun sem stafar af urðun og brennslu úrgangs.. Ísland er engin undantekning í þessum efnum. Endurvinnsla hefur aukist á undanförunum árum og að sama skapi dregið úr urðun. Mikil tækifæri felast í nýtingu á þeim hráefnum sem falla til og áður var litið á sem rusl.

ÚRGANGUR

ÞÚSUNDIR TONNA



- 2012 Leiddæiningar um söfnun hauggass
- Undanþágur fyrir sorp-brennslur felld úr gildi
- 2011 Rannsókn á díoxíni í jarðvegi
- Leiddæiningar um móttöku úrgangs á urðunarstöðum
- Skráningarkerfi fyrir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja
- 2010 Verkerill fyrir förgun sóttmengaðs úrgangs
- Nýr urðunarstaður á Norðurlandi
- 2009 Hertar reglur varðandi urðunarstaði tóku gildi 16. júní
- Nýtt kerfi framleiðendaábyrgðar á raf- og rafeindatækjaúrgangi
- Leiddæiningar um móttöku úrgangs
- 2008 Nýjar reglur samþykktar um ábyrgð framleiðenda á raf- og rafeindatækjaúrgangi
- Reglugerð um úrvinnslu ökutækja samþykkt

2011
& 2012

GÓÐ RÁÐ FYRIR GRÆN JÓL

Jólin eru hátíð ljóss og friðar en líka hátíð neyslu. Umhverfisstofnun vildi vekja neytendur til umhugsunar og gefa góð ráð til að minnka umhverfisáhrif jólaanna. Að mörgu er að hyggja við val á jólagjöfum og um að gera að nota ímyndunaraflíð við innpökkunina. Á aðfangadagskvöld berst mikið magn af umbúðum inn í stofur landsins og mikilvægt að flokka og senda þær til endurvinnslu. Stofnunin gaf út blað fyrir jólin 2011 sem kallaðist Góð ráð fyrir græn jól og var dreift með dagblöðum inn á heimili.

2008

URÐAÐ Í SÁTT VIÐ UMHVERFIÐ

Árið 2008 tóku gildi hertar kröfur frá 2003 sem gerðar eru til aðbúnaðar og starfshátta urðunarstaða. Kröfurnar snúa að því að vernda umhverfið með því að velja hentuga urðunarstaði, lágmarka lykt, fok og hávaða, auk þess að koma í veg fyrir að mengun berist í jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn. Umhverfisstofnun hefur í eftirliti sínu fylgt eftir þessum kröfum og hefur frávikum hjá úrgangs- og urðunarstöðum farið fækkandi.

An aerial photograph of a city, likely Reykjavik, showing a dense cluster of colorful buildings with red, blue, and white roofs. A harbor with several ships is visible in the background under a clear sky. The text is overlaid on the center of the image.

skýrari & skilvirkari stjórnsýsla

Stefnt var að því á tímabilinu að gera stjórnsýslu stofnunarinnar skýrari og skilvirkari. Umhverfisstofnun er skv. lögum falið að veita ýmis þýðingarmikil leyfi þar sem starfsemi eða athafnir geta haft mjög afgerandi áhrif á umhverfið ef ekki er rétt á málum haldið. Þá veitir stofnunin umsagnir, ráð og álit í flestum þeim málum sem snúa að umhverfinu. Mikilvægt er að stjórnsýsla sé vönduð og skilvirk. Talsverður árangur náðist á þessu sviði, s.s. varðandi verklag, skráningu og gæði og má segja að við lok tímabils séu undirstöður stjórnsýslu stofnunarinnar traustari en nokkru sinni fyrr.

1.701

20

ÁKVARÐANIR

KÆRUR

kærur 1,2%

2012
& 2013

AUKIN ÁHERSLA Á EFTIRFYLGNI

Stofnunin lagði meiri áherslu á eftirfylgni í kjölfar eftirlits með mengandi starfsemi. Á heildina litið var eftirlit hert og stór liður í því var eftirfylgni og beiting þvingunarúrræða. Á árinu 2011 var ráðinn starfsmaður til þess að sinna sérstaklega að eftirfylgni. Árangurinn er nú þegar sýnilegur þar sem frávikum fækkar milli ára og hraðar er brugðist við ábendingum.

2012
& 2013

GÆÐA- OG UMHVERFISSTJÓRNUN- ARKERFI - ISO 9001 OG 14001

Undirbúningur hófst að vottun gæðakerfa á árinu 2009 og voru þau formlega vottuð af faggiltri vottunarstofu 2011. Gæðakerfin eru til þess að ná árangri með skýrum markmiðum og samræmdum vinnubrögðum. Kerfin auka gæði verklags og ferla og yfirsýn.

- 2012 Viðhorfskönnun um afstöðu almennings til Umhverfisstofnunar
- Lög um umhverfsábyrgð taka gildi
- 2011 Gæðakerfi og umhverfisstjórnunarkerfi vottuð
- Starfsmaður ráðinn í eftirfylgni
- Endurskoðun ferla um framsendingu umhverfisbrota til lögreglu
- 2010 Innleiðing verkþókhalds
- Ferli fyrir leyfisveitingar, eftirlit og eftirfylgni vegna mengandi atvinnurekstrar
- 2009 Ný starfsmannastefna
- Uppbygging gæðakerfis og umhverfisstjórnunarkerfis hafin
- 2008 Umbótaverkefni um framkvæmd eftirlits með mengandi atvinnustarfsemi



umhverfismerkingar leiði innkaup almennings og fyrirtækja


Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Tilgangur merkisins er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum með því að gera kröfur sem taka til alls lífsferils vöru og þjónustu. Svanurinn hóf sig svo sannarlega til flugs á tímabilinu en fjöldi leyfishafa margfaldaðist. Fjöldi nýrra svansmerktra vöru- og þjónustuflokka stendur nú landsmönnum til boða.

SVANURINN



Fjöldi þeirra sem svaraði spurningunni **Þekkir þú þetta merki** játandi þegar þeim var sýnt Svansmerkið

SVANSMERKT
FYRIRTÆKI



2012
& 2013

FJÖLGUN SVANSLEYFA

Árið 2008 ákvað Umhverfisstofnun að leggja aukna áherslu á Svaninn með því að fá sérstakan starfsmann til að sinna merkinu. Þá voru fjögur fyrirtæki á Íslandi með Svansvottun. Fimm árum síðar voru Svansvottuðu fyrirtækin orðin 25 og fjölmörg leyfi í vinnslu. Sérstaklega hefur fjölgað meðal prentfyrirtækja og í ræstipjónustu en ýmsir aðrir flokkar bæst við, s.s. hótél og veitingastaðir. Vænta má þess að Svanurinn haldi áfram að vaxa og dafna á komandi árum.

2012
& 2013

ÁGÆTIS BYRJUN

Stofnunin ákvað árið 2011 að standa fyrir kynningarátaki um Svaninn, að norskri fyrirmynd, sem fékk heitið Ágætis byrjun. Verkefnið gekk út á að dreifa Svanspokum til nýbakaðra foreldra. Í pokanum var bæklingur sem fjallar um umhverfismerkið Svaninn og kosti þess að velja umhverfsvottað fyrir ungbörn. Í pokanum voru einnig vöruprúfur en tilgangurinn er að varpa ljósi á að Svanurinn hefur vottað breitt úrval af ungbarnavörum.

- 2012 – Sex nýir Svansleyfishafar
- Bættar upplýsingar um umhverfismerki til almennings
- 2011 – Ágætis byrjun, fræðsluáttak fyrir nýbakaða foreldra
- 2010 – Þáttaka í innleiðingu vistvænna innkaupa hjá ríkisstofnunum
- Átta fyrirtæki fengu Svansvottun
- Sketsakeppni framhaldsskólanna haldin
- 2009 – Ræstingarsvið ISS fékk Svansvottun
- 20 kynningarfundir um Svaninn og helstu umhverfismerki á markaði
- 2008 – Úttekt á stöðu Svansmerkisins á Íslandi
- Starfsmaður ráðinn til að efla Svansstarfið